

viðkomandi hundi. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra eigi innan eins sólarhrings og svara til saka um brot á samþykkt þessari sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundi án frekari fyrirvara.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur sem þeim ber, vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1983.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls sem færa ber til almennrar skoðunar ber eiganda að greiða 175,00 króna árlegt skoðunargjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð.

Gjald þetta greiðist fyrirfram og er gjalddagi þess 1. janúar en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Sama skoðunargjald og greinir í 1. gr. skal greiða fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls við skráningu, svo og fyrir skoðun við umskráningu hafi skoðunargjald vegna ökutækis eigi þegar verið greitt á árinu.

3. gr.

Fyrir árlega skoðun léttra bifhjóla skal greiða 75,00 krónur í skoðunargjald.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 öðlast gildi 1. janúar 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 783 28. desember 1982 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1983.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.